



Svar við framhaldsfyrirspurn

Efni: Viðskipti Reykjavíkurborgar við Eflu verkfræðistofu

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísaði er til framhaldsfyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins frá 23. janúar sl. um greiðslur Reykjavíkurborgar til EFLU verkfræðistofu. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Tæpir 4 milljarðar á 12 árum til einnar verkfræðistofu. Ástæða fyrirspurnarinnar er að Efla verkfræðistofa stingur mjög oft upp kollinum þegar verklegar framkvæmdir eru. Því er lögð fram framhaldsfyrirspurn og óskað er eftir upplýsingum sundurgreint eftir þeim árum sem eru í fyrirspurninni um þau útböð sem EFLA verkfræðistofa hefur tekið þátt í og fengið verkefni og upphæðir sem að baki liggja. Að sama skapi er óskað eftir hversu háar upphæðir pr. ár voru greiddar til EFLU án útböðs.“

Við skráningu reikninga í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar kemur almennt ekki fram á reikningi hvers konar samningar liggja þar að baki, þrátt fyrir vandaða skráningu. Reikningar eru skráðir á þann hátt að hægt er að skoða mynd hvers reiknings, svo og önnur fylgiskjöl með honum, á umræddu tímabili en aðrar upplýsingar er ekki að finna í kerfinu. Skráningargögn bókhalds bjóða ekki upp á sundurgreiningu á kostnaði eftir því hvernig staðið er að viðskiptum eða við hvaða samninga reikningar eiga. Þegar reikningar koma til greiðslu í bókhaldi hafa þeir farið í gegnum samþykktarferli hjá viðeigandi aðilum þess sviðs sem hefur með verkefnið að gera. Einstaka reikningar fara í gegnum samþykkt tveggja til þriggja aðila eftir því hver fjárhæð þeirra er og hafa því fengið umtalsverða rýningu samþykktaraðila. Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að ákveðinn ómöguleiki komi í veg fyrir að hægt sé að svara fyrirspurninni eins og hún er lögð fram.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs